

Valbjörn Steingrímsson
Bugðugerði 7b
804 Árnes

Árnesi 28 október 2024

Skeiða og Gnúpverjahreppur

b.t. sveitarstjórn


Ágæta sveitarstjórn, við lestar fundargerðar síðasta fundar sveitarstjórnar þann 24. október sl. var í lið nr. 6 fjallað um Landnýtingu ehf og áform þess hvað varðar uppbyggingu matvælaframleiðslu í og við þéttbýlið Árnes. Á heimasíðu þess ágæta fyrirtækis má m.a. lesa þetta, sjá mynd hér neðar.

- Í fyrsta skrefi einbeittum við okkur að yfirækt til ræktunar á tómötum eða t.d. agúrkum, og öðrum afurðum og nýtum, reynslu og nyjustu tækni og aðferðir
- Núttima – VENLO – hátaekni gróðurhús og núttima AI – Tölvustýrð ræktun
- Sjálfvirkni við plöntun og uppskeru
- Náttúruleg frjóvgun
- Engin skordýra eða sjúkdóma eitur
- Vökvan með hreinu (drykkjar) vatni
- Umhverfisvæn orka

Er þá komið að tilefni erindis míns. Á dögunum átti ég gott spjall við „stóran“ öflugan reynslumikinn garðyrkjubóna. Lagði ég fyrir hann þá spurningu hvernig á því stæði að ljósmengun væri svona mikil frá gróðurhúsum á Íslandi. Viðkomandi svaraði mér því að stóra nýja húsið sem við værum staddir í væri hannað með það fyrir augum að þegar lög og reglugerðir breyttust væri fyrirhafnar lítið að uppfylla þau skilyrði að ljósmengun yrði í lágmarki, sömuleiðis hafði hann líka nýverið endurbyggt eldra hús hjá sér með þetta líka í huga. Sagði hann mér jafnframt að það byggði enginn ný gróðurhús í evrópu nema þau uppfylltu ákveðin skilyrði um litla sem enga ljósmengun. **Lausnir eru til, frekar ódýrar sagði hann en engar kvaðir eru settar hér á landi um þetta og því væri það ekki gert.**

Því óska ég þess hér með að sveitarstjórn setji ákveðin ströng skilyrði í komandi viðræðum við Landnýtingu hversu mikil/lítill ljósmengun má vera frá þeim gróðurhúsum sem byggð verða í framtíðinni í Skeiða og Gnúpverjahreppi og þau skilyrði verði að auki sett í aðal/deiliskipulag sem og inn í þá samninga sem fram undan eru við Landnýtingu ehf. Þannig verður best tryggt til framtíðar að verkefnið verði unnið í sátt við umhverfi og þá íbúa sem í sveitarfélagini búa.

Virðingarfyllst og með góðri kveðju



Valbjörn Steingrímsson